

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir tengingu við fráveitu í Borgarbyggð skv gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hvern heimæðarstút sem er 6" eða minni kr. 150.000

Fyrir hvern heimæðarstút sem er stærri en 6" kr. 250.000

Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni. Óski húseigandi eftir færslu fráveituheimæðar að nýjum tengi-punkti greiðir hann útlagðan kostnað vegna færslunnar.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu fjögur ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Einingarverð skv. gjaldskrá þessari breytist í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við mars 2019 sem er 142,4 stig.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1242/2014.

Borgarnesi, 11. apríl 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2019